

Pólsk vefsíða um Ísland

PÓLVERJAR hafa undanfarna mánuði haft aðgang að upplýsingaveitu um Ísland og Íslendinga á vefnum www.iceland.pl. Pólskir áhugamenn um Ísland halda úti þessum Íslandsvef og segja að þar sé um að ræða besta Íslandsvefinn á pólsku á Netinu. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um ferðalög á Íslandi, vefútsendingar íslenskra útvarpsstöðva og greinar um íslenska menningu og þjóð.

Ritstjóri vefjarins, Jola Holband, segist elska Ísland og vilja upplýsa Pólverja um feður þess. Hún segir aðstandendur vefjarins oft heimækja landið og lýsa ferðum sínum á síðunni.

Auk áðurnefndra upplýsinga um Ísland og frásagna af ferðum aðstandenda hingað til lands flytur vefurinn fréttir frá Íslandi. Þar sem lítið er um fréttir á ensku frá Íslandi, notast aðstandendur gjarnan við fréttavef Morgunblaðsins, mbl.is.

„Pólverjar eru mjög áhugasamir um íslensk miðefni,“ segir Holband, sem segist þykja Ísland vera fallegasta land heims. „Mig langar að upplýsa landsmína um feður Íslands af því að í fjölmörgum okkar er mjög lítið af upplýsingum um landið.“

Aukinn gestaföldi

Jola hefur haldið síðunni uppi síðan í nóvember á síðasta ári og á því tímabili hafa um átta þúsund gestir komið á síðuna. „Þetta eru um hundrað til tvö hundruð manns á dag, ekki bara frá Póllandi, heldur líka frá öðrum löndum, Íslandi og fleiri löndum,“ segir Jola, en umferðin jókst, að hennar sögn, gríðarlega í fyrradag. „Það birtist grein um okkur á mbl.is og þá kom gríðarlegur straumur fólks á síðuna okkar.“

Við höfum fengið mikið af bréfum frá fólki alls staðar að úr heiminum, sérstaklega frá Íslendingum. Fólk vill fá að vita ýmislegt um okkur og forvitnast um ýmislegt. Pólverjar sem búa á Íslandi eru líka mjög hrifnir af síðunni, því við þýðum fréttir og erum þannig oft eini staðurinn sem þeir geta leitað fréttar af landinu sem þeir búa í,“ segir Jola.

Íslenskunám getur reynt Pólverjum torsótt, þar sem erfitt er að finna kennara í Póllandi. „Við þurfum því að læra íslenskuna sjálf, en við elskum það og mér finnst frábær æfing í íslensku að þýða íslenskar fréttir,“ segir Jola.

Ráðstefna Landgræðslunnar um eldgos og gróður



Hafursey á Mýrdalssandi. Taldar eru mestar líkur á að jökulhlaup komi niður Mýrdalssand.

Forvarnir gegn náttúruhamförum skipta mestu

FORVARNIR eru lækningu æðri og nauðsynlegt er að gróður, byggð, landbúnaður og sangöngur séu búin undir náttúruhamfarir. Þetta var meginniðurstaða ráðstefnu Landgræðslu ríkisins um eldgos og gróður og ógnir eldfjallanna sem haldin var nýverið á Hvolsvelli.

Fulltrúar frá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Orkustofnun, Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins voru meðal þeirra sem héldu erindi á ráðstefnunni, auk sérfræðinga Landgræðslunnar. „Við vildum leggja áherslu á að það eru fjölmargir aðilar af hálfu hins opinbera að vinna að ýmiss konar forvörnum til að takast á við afleiðingar náttúruhamfara sem vísindamenn hafa verið að spá að muni gerast, og reynslan kennir okkur að muni gerast,“ segir Sveinn Runólfs-son landgræðslustjóri sem stýrði ráðstefnunni ásamt Nielsi Árna Lund, skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins.

Áhersla á græna þætti

Sveinn segir vel yfir 200 manns viðsvegar að af landinu hafa mætt til leiks og var sjá fjöldi vel umfram væntingar.

Hann segir sérstaka áherslu hafa verið lagða á svokallaða „græna þætti“ málsins. Annars vegar hafi verið rætt um hvað helst væri til ráða ef mikil jökulhlaup kæmu sem eyddu grónu landi og hins vegar ef gjóska, þ.e. vikur og aska, legðust yfir gróid land.

„Það kom fram að ef að um þunn lag, innan við 5 sentimetrar, af ösku og vikri er að ræða þá þarf það ekki að vera alvarleg staða. Ef það verður þykkara þá hefur reynslan sýnt að búast megi við miklum gróurskemmdum,“ segir Sveinn.

Katla kom oft til umræðu á ráðstefnunni að sögn Sveins og hann segir vísindamenn telja að búast megi við gosi frá henni. „Ljóst er að þetta er afar öflug eldstöð. Á undanföllum öldum hefur hún gosið oft og mjög miklum gosum og í máli vísindamanna kom fram að það beri því að búast við stórum jökulhlaupum sem og miklu gjóskufalli. Mestar líkurnar eru á að jökulhlaupið komi niður Mýrdalssand eins og það hefur oftast gert síðan land byggðist,“ segir Sveinn.

Spurður hvort vísindamenn hafi spáð einhverju um það hvenær næsta gos er væntanlegt svarar Sveinn neitandi. „Það er ljóst að það er orðið mjög langt gosið. Vís-

indamenn voru mjög varkárir um spá nákvæmlega hvenær það kæmi.“

Hann segir meginniðurstöður ráðstefnunnar vera þá að það eigi að búa sig vel undir náttúruhamfarir eins og Kötlugos, því þær mættu skella á fyrr eða síðar. „Það er gildir hvort sem um er að ræða göngur, byggð, búskap og gróður. Til dæmis var sérstaklega rætt um að birki, víðikjarr og gresi þyldu gjóskulög betur en ar gróður. Við verðum að búa undir náttúruhamfarir m.a. með landgræðslu og landbótum,“ segir Sveinn.

Aðgerðaáætlanir kynntar að ári

Í innleggi sýslumanns Rang- og fulltrúa Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra á ráðstefnunni kom fram að þessar stofnanir nú að aðgerðaáætlun vegna náttúruhamfara, m.a. vegna hugsanlegra eldgosa úr Mýrdals- og Eyjafjallajökklum, sem væntanlega verður kynnt á sams konar ráðstefnu að ári. Þá segir Sveinn aðrar stofnanir, s.s. embætti irdýralæknis og Vegagerðin, einnig að áhættumat og aðgerðir vegna náttúruhamfara.